

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna
nr. 148 1. mars 2000, með síðari breytingum.**

1. gr.

1. og 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð nr. 306 27. mars 2006, orðast svo:
Verð hlutamiða í hvorri flokkaröð skal vera 13.200 kr. ef keyptur er miði sem gildir í öllum 12 flokkum happdrættisársins sem er frá 1. maí til 30. apríl ár hvert.

Verð miða fyrir hvern flokk er 1.100 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973, með síðari breytingum, öðlast gildi 20. apríl 2011.

Innanríkisráðuneytinu, 29. mars 2011.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 19. apríl 2011